

Reykjavík 18.02.2026

Umsögn Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga

um áform um lagasetningu – breytingar á lögum nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða) FJR25100047 – Útg. 3 – dags. 9. febrúar 2026.

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) vill koma á framfæri athugasemdum við atriði D-liðar frumvarps til breytinga á lögum nr. 129/1997. Sá liður sem um ræðir er undir lok D-kaflans þar sem nokkur atriði eru nefnd undir forskriftinni „samhliða er áformað að gera eftirfarandi breytingar á rekstri, innra eftirliti og innri endurskoðun lífeyrissjóða“. Þar er tilgreint að **kröfum til tryggingastærðfræðinga verði breytt og þær færðar til samræmis við kröfur sem gerðar eru til þeirra sem annast samsvarandi verkefni hjá vátryggingafélögum og starfstengdum eftirlaunasjóðum**.

Í frumvarpinu eru áformaðar breytingar settar fram án rökstuðnings eða útfærslu og án tenginga við meginefni frumvarpsins. Þar sem tryggingastærðfræðilegt mat er grundvallarþáttur í stjórnun áhættu og réttindavernd sjóðfélaga telur FÍT nauðsynlegt að tilgangur, umfang og framkvæmd slíkra breytinga verði skýr í samráðsgögnum og greinargerð, þ.m.t. hvaða kröfum eigi að breyta (t.d. hæfi, óhæði, ábyrgð og skýrslugjöf). Jafnframt þarf að taka skýrt mið af sérstöðu lífeyrissjóða, þar sem áhættan fellur á sjóðfélaga og birtist í réttindum, fremur en í eiginfé hluthafa í tilfelli vátryggingafélaga. Þá er stærð lífeyrissjóða ólíkt meiri en vátryggingafélaga og þjóðhagslegt mikilvægi ótvírætt og því óvarlegt að fella niður aðkomu opinberra aðila þegar kemur að viðurkenningu til að sinna slíku starfi. Til að vernda hagsmuni sjóðfélaga er mikilvægt að tryggja aðkomu óháðs aðila sem hefur viðurkennda þekkingu þegar kemur að mati á skuldbindingum lífeyrissjóða. Ótækt er að kastað sé til höndum ef hrófla á við því eftirlitskerfi sem vel hefur gefist undanfarna áratugi og allar breytingar verði vel rökstuddar með skýr markmið.

Að lokum vill FÍT árétta að félagið telur eðlilegt að vera skilgreint sem umsagnaraðili í þessu máli, þar sem áformin snerta tryggingastærðfræðilega starfsemi og hæfiskröfur beint. Félagið er reiðubúið til að taka þátt í samráði og veita faglega aðstoð ef ráðuneytið telur þörf á breytingum á ákvæðum laga sem varða störf tryggingastærðfræðinga.

F.h. Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga,



Steinunn Guðjónsdóttir Hansen, formaður